

Umhverfisstofnun	
Áb. ABG	51
27. nóv. 2013	
8.12.1	
Tilv. 1872013/000035	



Hólalax hf.

Ásmundur Baldvinsson, framkvæmdastjóri  
Hólmur 1  
551 Sauðárkrúkur

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasimi: 562 4566 postur@uar.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

Reykjavík 25. nóvember 2013  
Tilv.: UMH13090144/20-1

Vísað er til erindis Hólalax hf. frá 23. september sl. þar sem sótt er um undanþágu frá gr. 2.2. í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að notuð verði tromlusía í frárennsli stöðvarinnar. Sótt er um undanþágu í samræmi við 3. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem segir að ráðherra sé heimilt ef ríkar ástæður mæla með að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Samkvæmt erindi Hólalax hf. er framleiðsla enn langt frá því sem starfsleyfi veitir heimild fyrir og niðurstöður vatnssýna hafa sýnt fram á að settjarnir sem frárennsli liggur í eru að „virka það vel“ að álag á viðtaka hefur ekki aukist eftir leyfisveitingu. Fram kemur í erindinu að fyrirtækið muni halda áfram að fylgjast með frárennslinu og leita leiða til að hreinsa það meira með aukinni framleiðslu, en áskilji sér rétt til að gera það með öðru en tromlusíu ef það þyki hagstæðara svo framanlega sem virknin sé ekki síðri.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 10. september sl., með afrit á Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra, í samræmi við 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 30. október sl. kemur fram að samkvæmt gr. 2.2 í starfsleyfi skuli frárennsli vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni (BAT) fyrir fiskeldi. Frárennsli skuli leitt í gegnum tromlusíu áður en því er veitt í settjarnir. Frárennsli frá settjörn 1 skuli leiða í settjörn 2 sem síðan er með frárennsli í Hjaltadalsá. Fram kemur í umsögninni að Umhverfisstofnun fari með mengunarvarnaeftirlit hjá fiskeldi Hólalax hf. og fari fulltrúar stofnunarinnar í reglubundið eftirlit til fyrirtækisins. Seinasta eftirlitsferð hafi verið farin í september 2013 og hafi frárennslislækur og settjarnir verið skoðaðar. Samkvæmt eftirlitsskýrslu þá megi greina gróðurmyndun í botni frárennslislæks en þó ekki mikla miðað við árstíma. Ekki hafi verið að sjá óeðlilegan vöxt gróðurs í settjörnum en greina hafi mátt skít eða fóðurleifar í frárennslislæk þó svo að um uppsöfnun hafi ekki verið að ræða. Þá er þess getið í umsögninni að einnig komi fram í eftirlitsskýrslum undangenginna ára að stöðin hafi uppfyllt losunarmörk í frárennsli sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi frá árinu 2008. Í ljósi framangreinds geri Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að Hólalax hf. verði veitt tímabundin undanþága frá ákvæði gr. 2.2 starfsleyfis að uppfylltum tilteknum skilyrðum m.a. þar sem losun Hólalax hf. er í ferskvatn og að samkvæmt upplýsingum frá Hólalaxi hf. þá hyggi fyrirtækið á áframhaldandi stækkun eldisins á næstu árum.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a.

laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þar sem stöðin hefur uppfyllt losunarmörk í frárennsli, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi og álag á viðtaka hefur ekki aukist veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá gr. 2.2 í starfsleyfi fyrir starfsemi Hólalax hf., Hólmum í Hjaltadal sem gefið var út af Umhverfisstofnun 22. febrúar 2007.

Undanþágan er bundin eftifarandi skilyrðum:


1. Framleiðslumagn skal vera undir 200 tonnum á ári.
2. Framkvæmdaraðili skal eigi síðar en 20. desember 2013 senda Umhverfisstofnun áætlun hvað varðar fyrirsjáanlega aukningu framleiðslumagns þar sem fram koma m.a. upplýsingar um uppsöfnun næringarefna, áætluð umhverfisáhrif og áætlanir hvað varðar mengunarvarnarbúnað í samræmi við framleiðsluaukningu
3. Sýni mælingar fram á aukna uppsöfnun næringarefna og eftirlit leiði í ljós aukið álag á viðtaka í samræmi við losunarmörk og efnainnihald sem fram koma í starfsleyfi þá skal framkvæmdaraðili tilkynna það Umhverfisstofnun án tafar og grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr þeim áhrifum.
4. Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og skal stofnunin auka eftirlit með fyrirtækinu á gildistíma undanþágunnar.

Undanþága þessi gildir þar til farið verður í stækkun til að auka framleiðslumagn en þó eigi lengur en til 1. júní 2016.

Í ljósi þess sem segir í erindi Hólalax hf. frá 23. september sl. að fyrirtækið áskilji sér rétt til að hreinsa frárennsli með öðru en tromlusíu ef það þyki hagstæðara svo framanlega sem virknin sé ekki síðri vill ráðuneytið benda á að þar sem kveðið er á um notkun tromlusíu í starfsleyfi þá þurfi að breyta því ákvæði starfsleyfis vilji fyrirtækið nota aðra aðferð.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir

Afrit.  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra